

lega og er þá fyrsti gjalddagi 1. apríl, annar gjalddagi 1. júlí o. s. frv. Húseigandi ber ábyrgð á vatnsskatti húsa. Vatnsskatt má taka lögtaki í hinu skattskylda húsi eða atvinnufyriræki og er hann tryggður með lögveði í eigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

11. gr.

Heimilt er hreppsnefnd fyrir eitt ár í senn, að hækka eða lækka vatnsskatt um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.

12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar allt að kr. 25 000 sekt, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Mál út af brotum á reglugerðinni skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947 um aðstoð til vatnsveitna.

Félagsmálaráðuneytið, 10. mars 1976.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Skúli Sigurðsson.

REGLUGERÐ

fyrir ípróttahúsið Ásgarð í Garðakaupstað.

1. gr.

Ípróttahúsið er staðsett í Garðakaupstað og starfrækt undir nafninu Ásgarður.

2. gr.

Ípróttahúsið Ásgarður er að $\frac{2}{3}$ hlutum skólamannvirki, en að $\frac{1}{3}$ hluta ípróttamannvirki bæjarfélagsins.

3. gr.

Starfræksla hússins er í höndum húsnefndar, sem skipuð er þremur mönnum. Tveir þeirra eru kosnir af bæjarstjórn og einn af skólanefnd. Varamenn eru kosnir af sömu aðilum, en nefndarmenn skipta sjálfir með sér verkum.

4. gr.

Nefndin er ábyrg fyrir rekstri hússins gagnvart bæjarstjórn og skólanefnd. Nefndin skal halda gerðabók um störf sín og starfrækslu hússins.

5. gr.

Hlutverk húsnefndar er:

- a) að setja reglur um umgengi í húsinu.
- b) að raða niður afnotum af húsinu. Forgangsréttar um afnot njóti skólar bæjarins og því næst ípróttafélög innan bæjarins og þá almenningur.
- c) að gera tillögu til bæjarstjórnar um afnotagjöld.

- d) að ráða starfsfólk og setja því starfsreglur.
- e) að gera tillögur um viðhald hússins og áhalda þess, svo og öflun tækja.
- f) að gera árlega áætlun um fjárþörf rekstrarins og skila henni það snemma, að hún liggji fyrir þegar unnið er að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs.
- g) að sjá um að fjárhagsáætlun fyrir húsið sé fylgt.

6. gr.

Húsnefnd gæti þess við skipulagningu afnota skóla og leiguafnot íþróttafélaga og almennings, að nýting hússins verði sem virkust, afkastamest og samfelldust svo að sem mestur fjöldi iðkenda geti notið íþróttanna og baða.

Við afnot og útlán leggi hún til grundvallar skiptingu salar, búnings- og baðklefa í þriðjunga af heildarrými. Við ákvörðun leigugjalds og kostnaðarskiptingu, vegna skólaafnota, sé til viðmiðunar sem eining þriðjungur salar og tilheyrandi húsrými.

7. gr.

Formaður boðar til funda húsnefndar. Óski samnefndarmenn hans báðir eftir fundi er honum skylt að boða til hans.

8. gr.

Greiðslur á kostnaði við rekstur hússins fara fram í skrifstofu bæjarins, svo og bókhald. Engir reikningar greiðist nema forstöðumaður hússins hafi staðfest þá.

9. gr.

Rekstrarárið er almanaksárið og skal rekstrarreikningur hússins koma fram í ársreikningum bæjarsjóðs og endurskoðast af endurskoðendum.

10. gr.

Rísi ágreiningur vegna skilnings á ákvæðum þessarar reglugerðar, sker menntamálaráðuneytið úr.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 10. gr. íþróttalaga nr. 49 frá 7. apríl 1956, samþykkt af bæjarstjórninni í Garðakaupstað 15. janúar 1976, og öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 10. mars 1976.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 31. janúar 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 16. febrúar til 30. júní 1976: